



Umsögn Sviðslistamiðstöðvar Íslands

um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035, mál nr. S-144/2025

Forsætisráðuneytið

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 26. ágúst 2025

Sviðslistamiðstöð Íslands fagnar áformum um atvinnustefnu Íslands til 2035. Við lítum á þau sem mikilvægt tækifæri til að móta heildstæða sýn á atvinnulíf sem byggir á jafnvægi efnahags, samfélags, umhverfis og innviða.

Við teljum brýnt að menning og skapandi greinar, þar með talið sviðslistir, verði viðurkenndar sem sjálfstæð stoð atvinnustefnunnar.

Skapandi greinar hafa vaxandi efnahagslegt vægi og leggja þegar umtalsvert af mörkum til verðmætasköpunar. Samkvæmt nýrri skýrslu fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið nam beint framlag menningar og skapandi greina 3,5% af landsframleiðslu árið 2022, eða um 150 milljörðum króna. Þessi tölulegu gögn staðfesta að skapandi greinar eru þegar orðin burðarás í íslensku atvinnulífi og búa yfir frekari vaxtarmöguleikum.

Við leggjum áherslu á eftirfarandi:

1. Markmið og mælikvarðar

- Skapandi greinar verði skilgreindar sem sérstakt áherslusvið í atvinnustefnunni.
- Mælikvarðar taki mið af bæði efnahagslegu framlagi og samfélagslegum áhrifum, þar á meðal alþjóðlegri ímynd og nýsköpun.
- Tryggja að störf í skapandi greinum séu viðurkennd sem fullgild, sjálfbær og vel metin störf á íslenskum vinnumarkaði.

2. Aðgerðir stjórnvalda

- Efla alþjóðlegan sýnileika íslenskrar menningar með stuðningi við markaðssetningu, kynningarverkefni og tengslamyndun.
- Tryggja fyrirsjáanleg og aðgengileg stoðkerfi listafólks, m.a. með langtímasamningum og eflingu starfslaunakerfis.
- Fylgjast með þróun gervigreindar og tryggja að notkun hennar fari ekki í bága við höfundarétt og frumsköpun íslensks listafólks.

- Styðja við listmenntun á öllum skólastigum til að tryggja næstu kynslóð fagfólks í skapandi greinum.
- Byggja upp menningarinnviði um allt land þannig að aðgengi að menningu og listsköpun sé jöfn óháð búsetu.

3. Útflutningsgreinar með vöxt og takmörkuð loftslagsáhrif

- Skapandi greinar á borð við tónlist, tölvuleikjagerð, kvikmyndagerð, hönnun og bókmenntir hafa þegar sýnt fram á mikla gjaldeyrissköpun.
- Sviðslistir eru mikilvægur hluti þessa vistkerfis og styrkja alþjóðlega ímynd landsins í gegnum samstarf, sýnileika og menningartengda ferðaþjónustu. Þær hafa þannig óbein en afgerandi áhrif á aðrar útflutningsgreinar.
- Með markvissum stuðningi við útflutning hugverka, stafrænnar þjónustu og menningararafurða má auka fjölbreytni útflutnings og tryggja að stærri hluti virðiskeðjunnar haldist innanlands.
- Skapandi greinar hafa lítið kolefnisspor en mikinn virðisauka og skapa störf sem ekki eru bundin við landfræðilega staðsetningu.

Samantekt

Sviðslistamiðstöð Íslands hvetur til þess að skapandi greinar verði skilgreindar sem eitt af megináherslusviðum atvinnustefnu Íslands til 2035. Þær leggja grunn að fjölbreyttum störfum sem stuðla að sjálfbærni, efla alþjóðlega samkeppnishæfni og skapa verðmæti sem nýtast ekki aðeins atvinnulífinu heldur samfélaginu í heild.

Virðingarfyllt

f.h. Sviðslistamiðstöðvar Íslands



Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri SLM